

## Fóðrun áa á sauðburði ef gróffóður skortir eða heygæðin rýr

Vegna þurrka síðasta sumar varð heyfengur hjá mörgum minni en vanalega og langur gjafatími í vetur veldur því að fleiri bændur eru heytæpir núna en undanfarin ár. Einkum á þetta við um bændur um norðan- og austanvert landið en þar eru einnig í sumum sveitum horfur á að gjafatími í vor verði lengri en undanfarin ár. Bændur hafa reynt að mæta þessu með því að verða sér úti um hey eða tryggja sér aðgang að heyi ef seint vorar og hafa verður lambfé lengi á gjöf.

Verð á heyi er hærra en verið hefur undanfarið og kostnaðarsamt er að flytja það um langan veg. Heymagn í rúlluböggum er misjafnt og hafa ýmsir þættir s.s. aldur rúlluvélar, þurrefni og þroski heysins og verklag við bindingu áhrif á það. Einnig eru gæði heyja mjög breytileg og fara m.a. eftir sláttutíma, grastegundum í túnum, áburðargjöf og fleiru. Hey af fyrri slætti inniheldur jafnan meira tréni en há sem er blaðrík. Hey í plasthjúpuðum böggum þarf að vera vel pakkað og hjúpurinn má ekki hafa rofnað í geymslu. Við heykaup er mikilvægt, sé þess nokkur kostur að vita hvernig hey er verið að kaupa (s.s. um sláttutíma, aldur ræktunar, áburðargjöf) og að gæði þess séu í samræmi við þarfir þess fénaðar sem því er ætlað.

Í vetur hafa sumir sauðfjárbændur gripið til þess ráðs að kaupa fóðurblöndur eða korn af bændum sem stunda slíka ræktun. Þannig hafa þeir náð að spara hey án þess þó að fóðurstyrkur hafi minnkað. Korn og fóðurblöndur með lágu próteini henta ágætlega sem viðbótarfóður með heyjum. Ef prótein innihald heyjanna er lágt þarf þó að velja fóðurblöndu fremur en korn því kornið er oft fremur próteinsnautt. Með próteinríku heyi hentar korn hinsvegar vel.

Fóðurþarfir tvílembu (70 kg að þyngd) á 1.-3. viku eftir burð eru 2,42 FEm á dag og á 4.-6. viku eftir burð 2,10 FEm á dag (miðað við að vöxtur tvílembinga sé 550 g/dag). Ef gert er ráð fyrir að átgeta áa eftir burð sé um 2,3 kg þurrefnis á dag fá þær 1,9-2,0 FEm á dag ef þeim er gefið gott eða úrvalsgott hey. Svo mikið éta þær ekki nema heyin séu mjög lystug og góð. Orkuþörf til mjólkurmyndunar ána verður því alltaf að talsverðu leyti mætt með því að ærnar taki af eigin holdum. Auka má orkustyrk fóðursins með því að gefa fóðurbæti eða korn. Þurfi að gefa mikinn fóðurbæti, 200 g/á á dag, er ráðlegt að skipta honum á fleiri en eitt mál á dag. Meiri fóðurbætisgjöf er tæpast hagkvæm nema um sé að ræða ódýrar fóðurblöndur eða korn og að hey sé mjög dýrt eða af skornum skammti. Ekki er ráðlegt að hafa dagskammt af fóðurbæti hærri en 300-400 g/á á og skipta þá gjöfinni á 2-3 mál. Hófleg kjanfóðurgjöf getur aukið át og nýtingu á slöku heyfóðri en mjög mikil gjöf á fóðurbæti gerir nýtingu gróffóðurs lakari og dregur úr gróffóðuráti.

Mikilvægt er að tryggja lambfé aðgang að nægu og góðu vatni. Það léttir á ánum ef lömbin geta komist í vatn. Við mikla kjanfóðurgjöf eykst vatnspörf ána.

Þar sem aðstæðum háttar svo í vor að hafa þurfi lambær á gjöf lengi eftir burð áður en þær komist á beit er mikilvægt að hafa í huga að;

- Gott og lystugt gróffóður er undirstöðufóður fyrir ær á sauðburði. Þær þurfa helst að geta étið það að vild.
- Gefa þarf fóðurbæti ef heygæði eru ekki nægjanleg (efnagreiningar gróffóðurs hjálpa til við áætlanagerð).
- Gjöf á fóðurbæti örvar mjólkurmyndun ána.
- Drýgja eða spara má hey með fóðurbætisgjöf.
- Ef gefin eru meira en 200 g/á á dag af fóðurbæti er ráðlegt að skipta gjöfinni á tvö mál.
- Tryggja þarf lambfé (ám og lömbum) aðgang að nægu og góðu vatni.
- Þegar lambær fara af innifóðrun á beit þurfa þær að hafa aðgang að úrvals heyi af fyrri slætti.